

Brunavarnarnefnd, fundur nr. 10

Dags. 15.10.2012

### **Fundargerð**

Fundur haldinn í brunavarnarnefnd Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar þann 15. október 2012, í húsnæði slökkviliðsins á Kvíhólsmýri í Reykjadal og hófst hann kl. 17:00.

Mætt voru: Arnór Benónýsson og Helga Arnheiður Erlingsdóttir frá Þingeyjarsveit, Hólmgeir Hallgrímsson frá Skútustaðahreppi auk slökkviliðsstjóra Bjarna Höskuldssyni.

Arnór formaður nefndarinnar setti fundinn og gengið var til dagskrár sem var í þremur liðum:

#### **1. Slökkviliðsstjóri fer yfir stöðu mála.**

##### **a) Frestun verklegra prófa og**

##### **b) verklegar æfingar og þrekæfingar.**

Nú eru 17 slökkviliðsmenn komnir með rétt til að taka löggilt próf til að öðlast réttindi sem slökkviliðsmenn. Til stóð að þeir færu í þetta próf nú í október en náttúruhamfarirnar í september settu strik í reikninginn og verður það til að fresta prófum þar til síðar svo að menn fái tíma til að undirbúa sig í verklegum æfingum og þreki.

##### **c) Fatnaður og laun.**

Fundað hefur verið með slökkviliðsmönnum um launamál þeirra og fatnað.

##### **d) Umhverfisstofnun – Verndaráætlun – Viðbragðsáætlun**

Verndaráætlun Laxár og Mývatns var samþykkt nýlega. Þar er um að ræða ána og vatnið auk 200 metra svæði frá bökkum þeirra frá upptökum og alla leið til sjávar. Ef slys henda vegna efna og/eða mengunar þá er það slökkviliðsins að bregðast við. Starfsmenn umhverfisráðuneytisins gera viðbragðsáætlun handa slökkviliðum. Ýmis tæki þarf til að geta framfylgt þeirri áætlun ef til slysa kemur. Ekki er ljóst enn hver muni leggja fram fjármagn til þessara tækja. Nefndin telur eðlilegt að það sé Umhverfisstofnun.

##### **e) Mannabreytingar.**

Slökkviliðsstjóri og formaður brunavarnarnefndar funduðu nýlega með slökkviliðsmönnum og áttu góðan fund með þeim.

Nokkrir slökkviliðsmenn hafa orðað það að hætta bráðlega í liðinu og einhverjir eru komnir á þann aldur að tæpast er hægt að ætlast til að þeir geti sinnt þessum störfum.

##### **f) Slökkvitækjaæfingar fyrir starfsmenn sveitarfélaga.**

Ákveðið var að standa fyrir námskeiði fyrir starfsmenn sveitarfélaganna þar sem þeim er kennt á hin ýmsu slökkvitækki og viðbrögð ef upp kemur eldur.

##### **g) Endurnýjun bifreiðar slökkviliðsstjóra/eldvarnaeftirlits.**

Bíll sá sem nú er í notkun hentar ekki nógu vel. Á það sérstaklega við þegar slökkviliðið hefur verið í vinnu við bruna og flytja þarf slökkviliðsbúninga þeirra heim. Þá væri mikið heppilegra að hafa „pickup“ jeppa heldur en þann sem nú er í notkun og er bara eitt rými. Slökkviliðsstjóra falið að athuga hvort hægt sé að fá heppilegri bíl á ásættanlegu verði og helst skiptum fyrir þann sem til er.

##### **h) Framhald um „dælukassa“.**

Rætt um fyrirkomulag á notkun „dælukassans“.

##### **i) Útköll.**

Þrjú útköll hafa orðið á árinu. Gengið hefur vel að safna slökkviliðsmönnum saman til starfa.

##### **j) Kynning á efni frá aðalfundi slökkviliðsstjóra.**

Verið er að vinna að gagnarunni fyrir slökkviliðin. Eldvarnaeftirlitið á Reykjavíkursvæðinu stendur fyrir þessari framkvæmd. Grunnurinn verður tengdur fasteignaskrá, þjóðskrá og einnig er stefnt að því að teikningar af öllum byggingum verði þar líka. Gagnarunnurinn er hugsaður til að hjálpa til við eldvarnaeftirlit og eftirfylgd á því.

Þá kom fram að nú hafa orðið breytingar á lögum um virðisaukaskatt hvað varðar kaup á ökutækjum og tækjabúnaði sbr. lög um virðisaukaskatt frá 1988 nr. 50, l. 69/2012 – sem tóku gildi 3.júlí 2012 -.

Gjaldskrá slökkviliða.

Gjaldskrá slökkviliða. Ákveðið að fá gjaldskrá frá félagi slökkviliðsstjóra um brunavarnagjald. Hana þarf að leggja fyrir sveitarstjórnir til samþykktar. Sjóður sá sem þetta gjald fer í er í vörslu Mannvirkjastofnunar og í honum umtalsverð upphæð. Ráðstöfun á fé úr sjóðnum er ekki almennilega skilgreind og það þarf að laga. Vonandi verður hægt að fá styrki úr þessum sjóð í framtíðinni.

Tæki.

Nú er orðið lögboðið að sveitarfélög beri kostnað við klippur, glennur o.fl. til notkunar við s.s. bíslýs. Samningur er til við Norðurþing um notkun á þessum tækum sem til eru á Húsavík, en staðsetning þar gæti verið of fjarri í bráðatilfellum. Því er nokkuð ljóst að svona tæki þurfa að vera til á svæði slökkviliðsins til að styttra sé að nálgast þau. Þá þarf að vera til mannskapur og kunnátta til að nýta tækin. Þetta þarf að skoða í nánustu framtíð og taka ákvarðanir um framkvæmd og fjármögnun til þessa verkefnis.

## **2. Samningur við LV og Vegagerðina framundan.**

Arnór greindi frá því að Landsvirkjun (LV) vilji gera samning við Slökkvilið Skútustaðahrepp og Þingeyjarsveitar vegna fyrirhugaðra virkjana á svæðinu. Þá munu aukast enn kröfur um löggildingu slökkviliðsmanna, þannig að þeir uppfylli þau skilyrði sem þarf til að hafa þau réttindi sem tilskilin eru.. Einnig að tæki slökkviliðsins uppfylli ströngustu kröfur. Sama er um að ræða varðandi samning við Vegagerðina vegna fyrirhugaðra jarðgangna í gegn um Vaðlaheiði.

## **3. Önnur mál.**

Slökkviliðsstjóri leggur áherslu á að við gerð fjárhagsáætlana sveitarfélaganna fyrir næsta ár verði áfram gert ráð fyrir sambærilegri fjárupphæð til tækjakaupa eins og síðustu ár. Þar sem áfram þarf að endurnýja gamlan búnað og fá önnur öruggari og auðveldari tæk.. Þá þarf að hafa í huga fyrirbyggjandi framkvæmdir við jarðgöng, hótélbyggingar og virkjanir.

Fleira rætt en ekki bókað. Fundi slitið kl. 19:30.